ÍSLENSK útgáfa

# EES-viðbætir

ISSN 1022-9337

## við Stjórnartíðindi EB

**Nr. 1**

**10. árgangu**

**4.1.2003**

---


| | | | |
|---|---|---|---|
| | **I** | **EES-STOFNANIR** | |
| | **1.** | **EES-ráðið** | |
| | **2.** | **Sameiginlega EES-nefndin** | |
| | **3.** | **Sameiginlega EES-þingmannanefndin** | |
| | **4.** | **Ráðgjafarnefnd EES** | |
| | **II** | **EFTA-STOFNANIR** | |
| | **1.** | **Fastanefnd EFTA-ríkjanna** | |
| | **2.** | **Eftirlitsstofnun EFTA** | |
| | **3.** | **EFTA-dómstóllinn** | |
| | **III** | **EB-STOFNANIR** | |
| | **1.** | **Ráðið** | |
| | **2.** | **Framkvæmdastjórnin** | |
| **2003/EES/1/01** | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja - (Mál nr. COMP/M.3048 - Suomen Rehu/Kemira Agro/Hankkija-Maatalous/Movere) . . | 1 |
| | **3.** | **Dómstóllinn** | |

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**
**(Mál nr. COMP/M.3048 - Suomen Rehu/Kemira Agro/Hankkija-Maatalous/Movere)**

**2003/EES/1/01**

1. Framkvæmdastjórninni barst 18.12.2002 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ([1]), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ([2]), þar sem finnsku fyrirtækin Suomen Rehu Oy („Suomen Rehu“), sem tilheyrir samstæðunni Lännen Tehtaat Oyj, Kemira Agro Oy („Kemira Agro“), sem tilheyrir samstæðunni Kemira Oyj, og Hankkija-Maatalous Oy („Hankkija-Maatalous“), sem tilheyrir samstæðunni Suomen Osuuskauppojen Keskuskunta („SOK“), öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Movere Oy („Movere“), Finnlandi, sem áður var undir sameiginlegri stjórn Suomen Rehu og Kemira Agro, með kaupum á hlutabréfum.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Suomen Rehu: þróun, framleiðsla og sala á fóðri, kraftfóðri og hálfblönduðu fóðri,

   – Lännen Tehtaat Oyj: fóðurvörur, fóður, geymsla, meðhöndlun og verslun með korn, vélar fyrir byggingariðnaðinn,

   – Kemira Agro: framleiðsla á áburði til notkunar í landbúnaði, skógrækt og garðyrkju, sem og íbætiefni í fóður,

   – Kemira Oyj: kemísk efni til notkunar í iðnaði og málning,

   – Hankkija-Maatalous: smásöluverslun með framleiðslubúnað, vélar og vörur til notkunar í landbúnaði, sem og áburði, garðyrkjuvörum og fóðri, kornverslun,

   – SOK: samvinnufélag sem útvegar félögum sínum vörum og þjónustu, sem og starfsemi á sviði heild- og smásölu, flutningar, veitinga- og hótelstarfsemi,

   – Movere: birgðaþjónusta á sviði landbúnaðar, byggingar- og pappírsiðnaðar.

3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.

4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

   Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtíð. EB C 327, 28.12.2002. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3048 - Suomen Rehu/Kemira Agro/Hankkija-Maatalous/Movere, á eftirfarandi heimilisfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Directorate B – Merger Task Force
   Rue Joseph II/Jozef II-straat 70
   B-1000 Bruxelles/Brussel.

---

([1]) Stjtíð. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtíð. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.
([2]) Stjtíð. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjtíð. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.